

Dómsorð:

Ákærði Bjarni Leifur Pétursson og Hallbjörn Einar Guðjónsson sæti hvor um sig fangelsi 4 mánuði.

Ákærði X sæti fangelsi 60 daga. Fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærðu greiði Póstgíróstofunni in solidum 112.654 kr. ásamt 22% ársvöxtum frá 19. júní til 1. sept. 1979, 27% ársvöxtum frá 1. sept. til 1. des. 1979 og 31% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags.

Ákærði Hallbjörn Einar greiði málsvarnarlaun Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, verjanda síns, 50.000 kr., en ákærðu allir annan kostnað sakarinnar in solidum.

Fimmtudaginn 16. október 1980.

Nr. 187/1980. **Ákærvaldið**
 gegn
Þorvaldi Ara Arasyni.

Kærumál. Lögmannsréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 2. mgr. 68. gr. a laga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 31/1961, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 8. október 1980, sem barst Hæstarétti 9. s. m. Krefst hann þess, að réttinda-svifting varnaraðilja til málflutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti standi óbreytt. Af hálfu sóknaraðilja er unað við þá niðurstöðu hins kærða úrskurðar að fella úr gildi sviftingu verslunarleyfa varnaraðilja til smásölu og heilðsölu.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Mál þetta er kært innan lögmæltis frests samkvæmt 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974.

Frávísunarkröfu sína byggir varnaraðili á því, að ríkissaksóknara skorti lagaheimild til að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar. Í 2. mgr. 68. gr. a laga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 31/1961, segi ekki, hver hafi kæruehimild. Hvorki ríkissaksóknari né dómismálaráðuneyti hafi verið aðili málsins í héraði og svo virðist sem löggjafinn hafi ekki gert ráð fyrir, að þessir aðiljar gætu átt aðild að slíkum málum sem þessum. Því megi líta svo á, að kæruehimildin sé aðeins til hagsbóta fyrir þann, sem æskir niðurfellingar réttindasviftingar, ef honum er synjað um hana. Ljóst sé hins vegar, að hann hafi kæruehimild.

Í áður nefndu ákvæði hegningarlaganna segir, að bera megi undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála, hvort fella skuli niður réttindasviftingu. Úrlausn héraðsdóms sæti kæru til Hæstaréttar. Reglur um kæru úrlausna héraðsdóms í opinberum málum eru í XXI. kafla laga nr. 74/1974. Í 171. gr. laganna eru talin upp tilvik, þar sem ríkissaksóknari einn getur kært úrlausn héraðsdóms til æðra dóms eða leyft aðilja að kæra. Í 172. gr. eru talin upp þau tilvik, þar sem „aðili“ getur kært til æðra dóms. Ákvæði þetta ber að skilja svo, að beita megi kæruehimild bæði af hálfu almannavalds og varnaraðilja. Ákvæðið verður og að skilja svo, að af hálfu almannavalds sé kæruehimild ávallt í höndum ríkissaksóknara, nema lög mæli fyrir á annan veg. Samkvæmt þessu verður frávísunarkrafa varnaraðilja ekki tekin til greina.

Ekki þykir sýnt fram á, að varhugavert sé, að varnaraðili öðlist að nýju réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Samkvæmt þessu og með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann að því er varðar niðurfellingu sviftingar réttinda til málflutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Rétt er, að kærumálskostnaður varnaraðilja, 100.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður að því er varðar niðurfellingu sviftingar réttinda til málfutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Kærumálskostnaður varnaraðilja, Þorvalds Ara Arasonar, 100.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurrður sakadóms Reykjavíkur 2. október 1980.

Ár 1980, fimmtudaginn 2. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 30. október 1967, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 14. október 1968, var Þorvaldur Ari Arason hæstaréttarlögmaður, fæddur 11. maí 1928 á Víðimýri í Skagafirði, til heimilis að Sólvallagötu 63 hér í borg, dæmdur í 16 ára fangelsi fyrir brot á 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og sviptur leyfum til málfutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti og löggildingu til sóknar opinberra mála í héraði svo og verslunarleyfum til heildsölu og smásölu. Hann hefur nú skv. 2. mgr. 68. a gr. laga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 31/1961, borið undir dóm, að honum verði veitt að nýju héraðsdóms- og hæstaréttarmálaflutningsleyfi svo og verslunarleyfi til heildsölu og smásölu. Kveðst Þorvaldur Ari hafa síðan í ársbyrjun 1978 stundað alhliða lögmansstörf, önnur en málfutning, á eigin vegum og fyrir aðra lögmenn.

Samkvæmt sakavottorði Þorvalds Ara hefur hann ekki sætt kærur eða refsingum frá því er hann hlaut ofangreindan dóm. Samkvæmt upplýsingum, sem dómariinn hefur aflað sér frá dómsmálaráðuneytinu, var Þorvaldur Ari í gæsluvarðhaldi frá 7. janúar 1967 til 14. október 1968, eða í samtals 646 daga, og í afplánun frá þeim degi til 25. maí 1975, er hann var náðaður af 2700 daga eftirstöðvum framangreindrar refsingar, skilorðsbundið í 4 ár. Stöðst hann skilorð náðunar, og með bréfi forseta Íslands, dags. 3. júlí sl., var honum veitt uppreist æru.

Dómariinn sendi Verslunarráði Íslands beiðni Þorvalds Ara um endurveitingu verslunarleyfa til heildsölu og smásölu til um-

sagnar. Í bréfi Verslunarráðs til dómsins, dags. 30. júlí sl., segir m. a.: „Það er álit stjórnar ráðsins, að ekkert sé því til fyrirstöðu að veita Þorvaldi Ara Arasyni leyfi til verslunar, fullnægi hann skilyrðum 4. gr. laga nr. 41/1968 um verslunaratvinnu.“

Lögmannafélagi Íslands og dómsmálaráðuneytinu var enn fremur send beiðni Þorvalds Ara til umsagnar. Í bréfi til dómsins frá Lögmannafélaginu, dags. 29. ágúst sl., segir m. a.: „Með vísan til þeirra gagna, er fylgdu bréfi yðar varðandi náðum Þorvalds og uppreist æru, sér stjórnin ekki annað en almennum skilyrðum sé fullnægt, sem þarf til þess að fá leyfi til málflutningsstarfa.“

Í svarbréfi dómsmálaráðuneytisins til dómsins, dags. 23. september sl., segir m. a.: „Ráðuneytið telur eigi ástæðu til að koma að sérstökum athugasemdum eða sjónarmiðum vegna meðferðar beiðni þessarar fyrir sakadómi.“

Frá því er Þorvaldur Ari Arason var sviptur framangreindum réttindum eru liðin tæplega 12 ár. Brot það, sem olli réttinda-sviptingunum, var mjög stórfellt og svívirðilegt að almennings-áliti, en Þorvaldi Ara hefur verið veitt uppreist æru. Eigi verður annað séð en að hann uppfylli almenn skilyrði til málflutningsstarfa svo og verslunarreksturs.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, þykir rétt, sbr. 2. mgr. 68. a gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 31/1961, að verða við beiðni Þorvalds Ara Arasonar og fella úr gildi réttindasviptingu til málflutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti svo og sviptingu verslunarleyfa til heildsölu og smásölu, sem honum var gert að sæta með dómi sakadóms Reykjavíkur 30. október 1967, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 14. október 1968.

Því úrskurðast:

Svipting réttinda til málflutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti svo og svipting réttinda til verslunarleyfa til smásölu og heildsölu, sem Þorvaldi Ara Arasyni, Sólvalla-götu 63 hér í borg, fæddum 11. maí 1928, voru dæmdar með dómi sakadóms Reykjavíkur 30. október 1967, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar Íslands 14. október 1968, eru úr gildi felldar.
